

# Form 4

## Formin í rammanum

<b>Aldur barna</b>	2-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára
<b>Námssvið</b>	Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
<b>Aðstæður</b>	Umhverfi		Árstíð	
	Á opnu svæði hvar sem er.		Hvaða árstíð sem er.	

### Lýsing á verkefni

- Kennarinn ræðir við börnin hvaða form þau þekki (*hringur, þríhyrningur, ferningur, rétthyrningur, etv. fleiri?*). Hann getur líka haft formspjöld til stuðnings.
- Gott er að kennarinn vinni verkefnið með öllum hópnum í senn en í kjölfarið geta börnin unnið samskonar verkefni í pörum.
- Papparammi er lagður á jörðina, staðsetningin er að vali barnanna. Kennarinn spyr börnin hvaða af formunum þau sjái innan rammans og leiðir umræður um hvaða form séu sjáanleg og hver ekki.
- Að lokum má dreifa blöðum og litum til barnanna og biðja þau að teikna formin sem þau sjá í rammanum.

### Gógn

Papparammar til að leggja á jörðina, gjarnan af stærð A5 eða A4.  
Litir og pappír

